

Reykjavík, 11. nóv 2011

## **Umsögn Útivistar um drög að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða**

Útivist fagnar framkomnum drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem byggð eru á skýrslu um 2. áfanga rammaáætlunar. Umfangsmikil vinna liggur að baki sem vonandi stuðlar að því að taka megi yfirvegaðar og skynsamar ákvarðanir um landnotkun. Útivist þakkar tækifæri til að gera athugasemdir við framkomin drög.

Í grundvallaratriðum lítur Útivist svo á að fara beri mjög varlega í að nýta verðmætt land til virkjunarframkvæmda ef það veldur skaða á náttúru og landslagi. Náttúra landsins, víðerni og hálendi eru á bæði hagræna og menningarlega mælikvarða ein verðmætasta auðlind þjóðarinnar sem ber að vernda fyrir núlifandi og komandi kynslóðir um ókomna tíð.

Útivist leggur ríka áherslu á að fyrir náttúru- og útivistarunnendur sé mjög mikilvægt að landslagsheildir fái að halda sér án teljandi inngripa vegna framkvæmda. Stór samfelld svæði þarf að vernda í landi voru, sérstaklega víðerni, og er þetta mjög mikilvægt fyrir upplifun þeirra sem vilja njóta dags- eða lengri ferða um fallegt landslag.

Útivist telur að líta þurfi til miðhálandisins sem einnar samfelldrar heildar sem beri að vernda gegn frekari orkunýtingu og þá sérstaklega eftir að víðfeðm og verðmæt svæði á Austurlandi voru tekin undir Kárahnjúkavirkjun. Félagið leggur ríka áherslu á að allir virkjanakostirnir á miðhálandi og við jaðar þess skuli fara í verndarflokk, um leið og því er fagnað að eftirtaldar virkjanir hafi nú þegar verið settar í þann flokk. Það eru virkjanakostir vatnsafls: Markarfljótsvirkjun A og B (22, 23), Tungnárlón (24), Bjallavirkjun (25), Norðlingaölduveita, 566-567,5 m.y.s. (27), Gýgjarfossvirkjun (32), Bláfellsvirkjun (33), Hólmsárvirkjun við Einhyrning, m/miðl. (20) ásamt háhitavirkjunarkostunum, Hverabotn (79), Neðri-Hveradalir (80), Kisubotnar (81) og Þverfell (82). Verðmæti og sérstaða Íslands sem ferðamannalands felst ekki síst í óröskuðum víðernum og bent er á að meira en helmingur þjóðarinnar styður stofnun þjóðgarðs á miðhálandinum samkvæmt könnun Capacent Gallup í október 2011.

Af þeim landslagsheildum þar sem Útivist er með starfsemi má sérstaklega nefna Friðland að fjallabaki, Reykjanesskagann/Hengilinn og Miðhálandið og munu því athugasemdir helst taka til virkjunarkosta á þessu svæðum. Félagið styður þó að dýrmæt náttúruverndarsvæði um land allt fari í verndarflokk eins og drög að þingsályktunartillögu gera ráð fyrir.

Athugasemdir við einstaka virkjunarkosti eru sem hér segir:

## **Verndarflokkur**

### **Djúpárvirkjun (14)**

Útivist fagnar niðurstöðu Rammáætlunar um að setja Djúpárvirkjun (14) í verndarflokk.

Virkjunin liggur inn á ósnertum víðernum þar sem landslagið hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Á svæðinu eru náttúruminjarnar, Núpsstaður, Núpsstaðaskógur og Grænalón og hafa Útivist og fleiri ferðafélög verið með gönguferðir um svæðið sem er mjög áhrifaríkt og þörf að vernda, en virkjunin myndi valda miklum óafturkræfum áhrifum á svæðinu.

### **Hólmsárvirkjun við Einhyrning með miðlun (20)**

Útivist lýsir ánægju með að þessi virkjunarkostur hafi verið settur í verndarflokk.

Svæðið er mikið nýtt af ferðamönnum, bæði íslenskum og erlendum. Lón myndi setja sár í annars stórt nær ósnert víðerni sem er mikilvægt ferðaþjónustu á öllu svæðinu. Auk þess er svæðið rétt undir Torfajökli sem er ein af mestu náttúruperlum Íslands. Röskun myndi valda óafturkræfum áhrifum og skerða upplifun ferðamanna af víðernum norðan Mýrdalsjökuls.

### **Brennisteinsfjöll (68), Bitra (74) og Grændalur (77)**

Það er skynsamlegt að setja Brennisteinsfjöll, Bitru og Grændal í verndunarflokk eins og lagt er til. Í þingsályktunartillögunni er minnst á þann möguleika að gera svæðið frá Innstadal og austur í Grændal að griðlandi og útivistarsvæði, ásamt Ölkelduhálsi. Þetta er heillandi svæði, miðja Helligheiðarinnar, og hefur lengi verið eitt mikilvægasta útivistarsvæðið í nágrenni fjölmennasta hluta landsins.

### **Kerlingarfjallasvæðið (79), (80), (81) og (82)**

Útivist fagnar þeirri framsýni að setja Kerlingarfjallasvæðið í verndarflokk.

## **Biðflokkur**

### **Búlandsvirkjun (40)**

Útivist leggur áherslu á að Búlandsvirkjun (40) verði flutt úr biðflokk í verndarflokk.

Auk þess að ganga á dýrmætar óbyggðir yrði Búlandsvirkjun (þ.e. uppstöðulón og stíflumannvirki) staðsett við einni vinsælustu gönguleið Útivistar, frá Sveinstindi að Skælingum og endað í Hólaskjóli. Áhrif virkjunarinnar yrðu meðal annars:

- I. Breytingin sem virkjunin myndi hafa á útsýni og upplifun ferðamanna á gönguleiðinni milli Hólaskjól og Skælinga yrði mjög mikil og gerði þessa dagleið lítið spennandi.
- II. Upplifun ferðamanna af svæðinu í kringum Lambaskarðshóla (Hólaskjól) myndi gjörbreytast vegna framkvæmda á vegum, görðum og annars rasks sem mun ná inn fyrir Hólaskjól sem nú er friðsæll fjallaskáli og mikið notaður af ferðamönnum.
- III. Sjónræn mengun frá virkjuninni myndi ná inn á Friðland að Fjallabaki og myndi t.d. blasa við frá börmum Eldgjár.
- IV. Skálinn í Álftavötnum var endurreistur af sjálfbóðaliðum Útivistar árið 2001 og hefur verið mikið nýttur á ferðum fólks milli Hólaskjól og Strútskála. Virkjunin myndi rýra mjög upplifun fólks af svæðinu og minnka notagildi skálans.
- V. Virkjunin, þ.e. uppistöðulón og stíflumannvirki myndi ná yfir mjög stórt svæði þar sem nú eru grónar heiðar.
- VI. Raflína frá virkjuninni myndi væntanleg liggja að Sigöldulínu en ekki er ljóst hvort sú lína beri það rafmagn sem nú er stefnt að tengja við hana. Stækkun þeirrar línu myndi hafa skelfileg áhrif á ásýnd Fjallabaks.
- VII. Fossar og flúðir í Skaftá neðan varnargarða, á móts við Skaftárdal myndu þorna að mestu.

### **Hverfisfljótsvirkjun (15)**

Útivist leggur til að Hverfisfljótsvirkjun verði flutt úr biðflokk í verndarflokk.

Helstu ástæður þess eru eftirfarandi:

- I) Virkjun í Hverfisfljóti yrði þar sem Hverfisfjótíð rennur í þröngu gljúfri eftir að Skaftáreldahraun tók yfir gamla farveg Hverfisfljóts. Þar eru nú

fossar og flúðir með stórum skessukötlum og berggöngum sem er vinsæll áfangastaður göngumanna (1. Mynd).

- II) Ef af virkjanframkvæmdum verður verða lagðir vegir um svæðið auk annars rasks sem hefur truflandi áhrif á upplifun ferðamanna. Hluti þessa rasks verður í Skaftáreldahrauni en Náttúrufræðistofnun hefur ítrekað lagt fram tillögur um friðlýsingu þess.
- III) Í Skaftáreldahrauni er stórt og mikið hraunhellakerfi ekki langt frá virkjunastaðnum og hafa ferðamenn oft sótt þessa tvo staði samtímis og myndi virkjunin skerða upplifun ferðamanna af heimsókn í hellana sem og aðrar ferðir á þessu svæði.



**1. Mynd. Flúðir austan við Hnútu, þar rennur Hverfisfljót nú eftir að Skaftáreldahraun fyllti gamla farveg þess.**

Hugmyndir um virkjunarframkvæmdir í Hverfisfljóti eru ekki nýjar af nálinni. Ljóst er að allar framkomnar hugmyndir um virkjanir í Hverfisfljóti munu rýra þetta útivistarsvæði mjög verulega og hafa neikvæð sjónræn og tilfinningaleg áhrif á þá sem það heimsækja.

### **Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21)**

Útivist leggur áherslu á að flytja eigi Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21) úr biðflokk í verndarflokk. Helstu ástæðum þess er lýst hér að neðan.

- I) Hólmsárvirkjun yrði staðsett við Öldufellsleið á Álftaversafrétti og við eystri mörk Fjallabaksleiðar syðri og mun virkjunin hafa veruleg neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna af þeim leiðum. Þarna er ein af fáum leiðum sem aðgengilegar eru ferðamönnum inn á Fjallabaksleið Syðri og minnkar mikið það svæði sem nú er ósnert víðerni. Mikil og góð vinna er í gangi við að byggja undir umhverfisvæna ferðamennsku í Skaftárhreppi sem byggir á jarðfræðilegri sérstöðu þessa svæðis og myndi virkjun skerða þá uppbygginu.
- II) Háspennulínan sem myndi liggja frá virkjuninni er 30 km löng og þverar Fjallabaksleiðir og sker heiðarlönd Skaftártungu. Þessi lína myndi valda mikilli sjónrænni mengun auk rasks vegna vegalagningar sem fylgir lagningu línunnar.
- III) Á svæðinu er birkiskógur sem talin er vera síðustu leifar Dynskóga sem áður þöktu þetta landsvæði að mestu og er hann tegundaauðugur og án aðfluttra tegunda.
- IV) Allt nánasta umhverfi Hólmsár ber merki um miklar náttúruhamfarir. Um svæðið hafa fyrr á tímum fallið hamfarafloð frá Kötlu og miklir hraunstraumar.
- V) Ef af virkjun verður hverfur Hrossafoss og Hólmsárfoss verður fyrir áhrifum en farvegur Hólmsár verður þurr á löngum kafla.

Allt áhrifasvæðið er lítt raskað land sem stendur. Það eru enginn mannvirki, svo sem vegir eða önnur manna verk. Að mati Útivistar eru þessi víðerni frá Torfajökli að Hrífunesi, það er Álftaversafréttur og Utanfljótsheiðar í Skaftártungu ómetanleg auðæfi sem ekki má förna fyrir jafn lítið og hér er boðið upp á.

### **Hólmsárvirkjun við Einhyrning – án miðlunar (19)**

Útivist leggur áherslu á að Hólmsárvirkjun við Einhyrning – án miðlunar verði flutt úr biðflokk í verndarflokk.

Vatnasvið Hólmsár á uppruna sinn í Torfajökli sem er ein af mestu náttúruperlum Íslands. Nýlega hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið að bæta Torfajökulssvæðinu á yfirlitsskrá Íslands með tilnefningu til heimsminjaskrár UNESCO í huga.

Vegna sambærilegra náttúrufarsaðstæðna ætti verndarflokkur einnig að gilda um þessa virkjanahugmynd rétt eins og um Hólmsárvirkjun við Einhyrning- með miðlun í Hólmsárlóni (20). Um er að ræða óraskað svæði sem er nýtt af ferðamönnum, bæði íslenskum og erlendum. Röskun svæðisins myndi valda óafturkræfum áhrifum og skerða upplifun ferðamanna af víðernum austan og norðan Mýrdalsjökuls.

## **Orkunýtingarflokkur**

### **Sandfell (64), Trölladyngja (65), Sveifluháls (66) og Austurengjar (67)**

Útivist lítur svo á að allir ofangreindir virkjunarkostir eigi að fara í verndarflokk.

Þessi kostir eru staðsettir á vinsælu og verðmætu útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og myndu valda verulegu óafturkræfu raski og skemmdum á landslagi. Auk þess hefur enginn sýnt fram á hvernig á að tengja þessar virkjanir raforkukerfinu án þess að valda alvarlegum náttúruspjöllum, hvort sem það er gert með háspennulínunum eða rafstrengjum í jörð. Útivist styður stofnun eldfjallagarðs á Reykjanesskaganum.

### **Hágönguvirkjanir (91) og (104) og Skrokkölduvirkjun (26)**

Útivist gerir alvarlega athugasemd við að virkjanir þessar skuli settar í orkunýtingarflokk og telur að þær eigi heima í verndarflokki.

Fyrir utan verulegt rask sem fylgja myndi þessum virkjunarkostum er eitt helsta áhyggjuefnið háspennulínur sem leggja þyrfti um langar vegalengdir til þess að tengja rafmagn frá þessum virkjunum. Ef forsendan fyrir þessum þremur virkjunum er frekari línulagnir á hálendinu, jafnvel línur þvert yfir hálendið, yrðu umhverfisáhrif mjög alvarleg. Brýnt er forðast frekari mannvirkjagerð á svæðinu og er um lykilatriði að ræða í verndun víðernis á miðhálendinu.

## Almennt athugasemd um orkunýtingarflokk

Þó virkjunarkostur falli í orkunýtingarflokk er það ekki sjálfkrafa ávísun á virkjun. Ákvörðun um virkun er margþætt ferli (rannsóknarheimild, mat á arðsemi, mat á umhverfisáhrifum, virkjunarheimild, skipulagsákvæðanir [allt að þrjár], framkvæmdaheimild, aðliggjandi línur) þar sem ýmislegt nýtt getur komið fram þegar fjallað er um hvert þrep í ákvörðunarferlinu. Því hlýtur að mega vænta þess að einhverjir kostir sem taldir eru eiga heima í orkunýtingarflokki komi ekki til framkvæmda þegar á reynir.

### *Um Útivist:*

*Ferðafélagið Útivist er áhugamannafélag um útivist og ferðamennsku sem starfar með það að leiðarljósi að stuðla að útivist fólks í hollu og óspilltu umhverfi. Á 36 ára starfstíma félagsins hefur það byggt upp aðstöðu fyrir útivistarfólk og ferðamenn, auk þess að standa ár hvert fyrir fjölda ferða bæði á hálendi landsins og í byggð. Einkum hefur félagið einbeitt sér að uppbyggingu fjallaskála á Fjallabakssvæðinu, en félagið á og/eða rekur skála á 5 stöðum að Fjallabaki, auk skála í Básun á Goðalandi og á Fimmvörðuhálsi. Þessir skálar eru grunnurinn að starfsemi félagsins, annars vegar með sölu gistinátta í skálunum til innlendra og erlendra ferðamanna og hins vegar með ferðum sem við skipuleggjum þar sem þessir skálar eru nýttir. Í báðum tilfellum er það óspillt og heillandi náttúra svæðisins sem dregur gesti okkar að og heillar. Auk þess stendur félagið ár hvert fyrir fjölda dagsferða um nágrenni Reykjavíkur og nærsveita, en þar hafa ferðir á Reykjanesið og Hellisheiði skipað verulegan sess allt frá stofnun félagsins.*